

Matvælastofnun  
Austurvegi 64  
800 Selfoss

Akureyri, 3. apríl 2023  
UST202203-131/S.R.B.  
08.12.01

### **Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir landeldi - Nesvegur 5 ehf.**

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Nesvegs 5 ehf. vegna starfsleyfis til landeldis að Ásmundarnesi í Bjarnarfirði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila fyrir eldi á laxfiskum með allt að 45 tonna lífmassa á hverjum tíma.

Starfsleyfið byggir á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 3. apríl 2039. Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson  
**sviðsstjóri**

Hulda Soffía Jónasdóttir  
**sérfræðingur**